



Gæðastefna

Hlutverk mennta- og barnamálaráðuneytisins er að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi.

Tilgangur

Með öflugu gæðakerfi vill mennta- og barnamálaráðuneytið koma á gagnsæi í stjórnsýslu, jafnræði í meðferð mála, hámarka framlegð og fækka mistökum.

Umfang

Gæðastefna mennta- og barnamálaráðuneytisins tekur til allrar starfsemi ráðuneytisins, að undanskilinni upplýsingatækni sem Umbra þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins sinnir.

Ábyrgð

- Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á gæðastefnu ráðuneytisins.
- Gæðastjóri ber ábyrgð á framkvæmd úttekta á gæðastjórnunarkerfinu og uppfærslu þess í samráði við gæðaráð.
- Skrifstofustjórar bera ábyrgð á því að upplýsa gæðastjóra ef breytingar verða á starfsemi sem geta haft áhrif á gæðastjórnunarkerfi ráðuneytisins.
- Allir starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að fylgja þeim verklagsreglum, vinnulýsingum og öðrum skjölum gæðastjórnunarkerfisins sem hafa áhrif á þeirra daglegu störf.

Áherslur

- Uppfylla lagalegar skyldur, s.s. laga um [Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011](#).
- Tryggja að verklag ráðuneytisins sé í samræmi við opinber fyrirmæli og góða stjórnsýslu.
- Bæta hæfni og þekkingu starfsmanna með símenntun og að stuðla að ánægju þeirra og vellíðan í starfi.
- Vinna að stöðugum umbótum og árangri í starfsemi ráðuneytisins.
- Uppfylla kröfur ISO 9001:2015 staðalsins.